

**Nd.**

**873. Nefndarálit**

**[37. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn telja ekki eðlilegt að koma til móts við fólk vegna mikils tannlæknakostnaðar með breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt. Ástæðan er sú að slík aðgerð kæmi þeim einum að notum sem greiða tekjuskatt en þeir, sem skattlausir eru, eru jafnframt þeir tekjulægstu og þurfa helst á stuðningi að halda. Undirritaðir telja því eðlilegast að leysa þann vanda með því að breyta lögum um almannatryggingar þannig að skylt verði að greiða hluta tannviðgerðakostnaðar almennt auk þeirra greiðslna sem nú er um að ræða skv. almannatryggingalögum. Augljóst er að heimilt er að auka greiðslur til tannviðgerða samkvæmt gildandi lögum eins og ákveðið var á s. l. ári með setningu reglugerðar. Núverandi ríkisstjórn felldi þá reglugerð úr gildi með skírskotun til þess að fjármagn skorti. Undirritaðir nefndarmenn telja að núverandi ríkisstjórn hafi þá sýnt að hún er andvíg aukinni samneyslu og það er fyrst og fremst á grundvelli þeirrar pólitísku afstöðu sem reglugerðin var afnumin. Í þessu sambandi má benda á að þessa dagana er Alþingi að fjalla um sérstaka lækun á bankasköttum sem dygði til þess að greiða verulega þátttöku ríkisins í tannviðgerðakostnaði. Undirritaðir flytja því á sérstöku þingskjali frumvarp um breytingu á almannatryggingalögunum þar sem gert er ráð fyrir því að almannatryggingarnar greiði 20% tannviðgerðakostnaðar. Þetta væri þá fyrsta skrefið í átt til þess að taka tannlæknakostnað inn í almannatryggingakerfið.

Með tilliti til þess að meiri hl. Alþingis hefur nú ákveðið að lækka hlutfall ríkisins í tannviðgerðum barna og unglunga sýnist örvænt um að almenn þátttaka í tannviðgerðum eigi stuðning á Alþingi. Tillaga um breytingu á almannatryggingalögunum er því flutt til þess að sýna þann pólitíska vilja sem undirritaðir nefndarmenn vilja leggja áherslu á.

Alþingi, 14. maí 1984.

Guðmundur Einarsson,  
fundaskr.

Svavar Gestsson,  
frsm.